

2012

HJÁLPARLIÐ ALMANNAVARNA



SAMKOMULAG

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA VIÐ SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG UM HLUTVERK Í HEILDARSKIPULAGI
HJÁLPARLIÐS VEGNA ALMANNAVARNA

ALMANNAVARNIR



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. HLUTVERK LANDSSTJÓRNAR BJÖRGUNARSVEITA.....	3
3. BOÐUN OG SAMSKIPTI	4
4. SAMNINGAR Í LÖGREGLUUMDÆMUM.....	4
5. HLUTVERK SVEITA, DEILDA OG SVÆÐISSTJÓRNA.....	5
6. STJÓRNUN OG BOÐUN Í LÖGREGLUUMDÆMUM	6
7. ÞJÁLFUN	6
8. SÉRHÆFÐIR HÓPAR	7
9. BÚNAÐUR.....	7
10. ALMENN ÁKVÆÐI	7

1. Inngangur

Ríkislögreglustjóri annars vegar og Slysavarnafélagið Landsbjörg hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag um hlutverk þess síðarnefnda í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Samkomulag þetta er hluti af samningi ríkislögreglustjóra við Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagið Landsbjörg um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna frá 7. mars 2012.

Slysavarnafélagið Landsbjörg mun annast þau verkefni sem talin eru upp í samkomulaginu í umboði ríkislögreglustjóra samkvæmt beiðni hverju sinni. Slysavarnafélagið Landsbjörg vinnur samkvæmt lögum nr. 43/2003 um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn

Samkomulagið skilgreinir tengsl stjórnskipulags Slysavarnafélagsins Landsbjargar við skipulag almannavarna vegna aðgerða á hættu- og neyðartímum. Samkomulagið kveður á um hlutverk Landsstjórnar björgunarsveita, svæðisstjórna og sveita og deilda í heildarskipulagi vegna almannavarna.

Skrifstofa Slysavarnafélagsins Landsbjargar er tengiliður við ríkislögreglustjóra vegna þessa samnings.

2. Hlutverk Landsstjórnar björgunarsveita

Ríkislögreglustjóri fer með yfirstjórn aðstoðar á milli lögregluumdæma og aðstoð ríkisstofnana á hættu- og neyðartímum, hefur með höndum eftirlit með samhæfingu viðbragðsaðila og annarra aðila og með stjórn aðgerða bæði áður og eftir að hættu ber að garði, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008. Ríkislögreglustjóri og Slysavarnafélagið Landsbjörg vinna samkvæmt stjórnkerfi SÁBF (Stjórnun, Áætlan, Bjargir, Framkvæmd) á hættu og neyðartímum.

Komi boð frá ríkislögreglustjóra vegna orðinnar eða yfirvofandi vár er Samhæfingar- og stjórnstöð við embætti ríkislögreglustjóra virkjuð og lýtur hún stjórn hans.

Landsstjórn björgunarsveita fer með tæknilega stjórnun allra björgunaraðgerða sem björgunarsveitum er falið samanber reglugerð nr. 289/2003 um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita og reglugerð nr. 71/2011 um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða á leitar- og björgunarsvæði Íslands vegna sjófarenda og loftfara.

Landsstjórn ber ábyrgð á að svæðisstjórnir starfi í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið á milli ríkislögreglustjóra og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Landsstjórn björgunarsveita annast eftirtalin verkefni í umboði ríkislögreglustjóra, samkvæmt beiðni hverju sinni:

- Boðar og virkjar svæðisstjórnir til aðgerða þegar aðstoð á milli lögregluumdæma er veitt á vegum Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna.
- Skipuleggur og hefur umsjón með að senda hjálparlið Slysavarnafélagsins Landsbjargar, búnað og tæki ofangreindra til áfallasvæðis og frá því aftur að verkefni loknu. Skiptir út hjálparliði í samvinnu við Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna þegar um langtímaaðgerðir er að ræða.
- Skipuleggur og hefur umsjón með afmörkuðum verkefnum þar sem björgunarsveitarmenn leysa opinbera aðila af hólmi, svo sem lögreglu, samkvæmt beiðni frá Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna eða aðgerðastjórn hverju sinni.

3. Boðun og samskipti

Bakvaktarmaður landsstjórnar skal upplýstur um ástand og horfur hvenær sem háskastigi almannavarna er lýst yfir og líkur eru á að kalla þurfti björgunarsveitir til. Á sama hátt upplýsir landsstjórn björgunarsveita ríkislögreglustjóra þegar hún flytur hjálparlið á milli svæða vegna leitar- og björgunarstarfa og Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna hefur verið virkjuð.

Samhæfing verkefna samkvæmt kafla 2 fer fram í Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna sem starfrækt er við embætti ríkislögreglustjóra.

- Í sameiginlegum aðgerðum hafa Slysavarnafélagið Landsbjörg og ríkislögreglustjóri með sér samráð með það að markmiði að almenningur fái réttar og tafarlausar upplýsingar. Lögð er áhersla á notkun rafrænna samfélagsmiðla við upplýsingagjöf í hamförum.
- Fulltrúar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru ríkislögreglustjóra til aðstoðar við slíka miðlun ef þurfa þykir og eiga sæti í fjölmiðlateymi Samhæfingar- og stjórnstöðar almannavarna þegar og ef það er virkjað af ríkislögreglustjóra.
- Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með fréttatilkynningum sem sendar eru frá Samhæfingar- og stjórnstöð í almannavarna aðgerðum. Í sameiginlegum aðgerðum ber Slysavarnafélaginu Landsbjörg og ríkislögreglustjóra að senda afrit af fréttatilkynningum sín á milli. Fjölmiðlafulltrúum Slysavarnafélagsins Landsbjargar ber skylda til að hafa samráð við fjölmiðlafulltrúa annarra viðbragðsaðila og starfa með fjölmiðlateymi Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna ef svo ber undir.

4. Samningar í lögregluumdæmum

Ríkislögreglustjóri sér til þess að almannavarnanefndir og lögreglustjórar annars vegar og svæðisstjórnir, sveitir og deildir Slysavarnafélagsins Landsbjargar hins vegar geri samning um skipun hjálparliðs, boðun þess og aðkomu að stjórnun aðgerða samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 og því hættumati og þeim viðbragðsáætlunum sem í gildi eru.

Slysavarnafélagið Landsbjörg annast skráningu á hjálparliði og upplýsir lögreglustjóra og almannavarnanefnd ef þess er óskað.

Verði kröfum lögreglustjóra og almannavarnanefndar um skipan hjálparliðs ekki fullnægt má leita aðstoðar hjá samstarfsnefnd um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna.

Hjálparlið á áfallasvæði starfar undir stjórn lögreglustjóra viðkomandi umdæmis.

Ríkislögreglustjóri skal semja sérstaklega við Slysavarnafélagið Landsbjörg þegar um langtímastarf við uppbyggingu á skaðasvæði er að ræða. Áður skal samráðsnefnd hjálparliðs almannavarna skilgreina verkefnið og enduruppbygging getur hafist þó hættu- eða neyðarstig sé enn í gildi. Lífsbjargandi aðgerðum skal vera lokið og ekki lengra en 72 tímar liðnir frá upphafi aðgerðar. Miða skal starfsmannakostnað að loknum lífsbjargandi aðgerðum við útseldan tíma lögreglumanns en kostnað við bifreiðar og annan búnað við almennan leigukostnað á markaði.

5. Hlutverk sveita, deilda og svæðisstjórna

Aðgerðastjórnir, hver á sínu svæði, boða svæðisstjórnir Slysavarnafélagsins Landsbjargar til starfa á hættu- og neyðartímum. Svæðisstjórnir boða sveitir og deildir til starfa samkvæmt boðunarkerfi björgunarsveita. Slík boð geta einnig komið frá Landsstjórn björgunarsveita.

Sveitir, deildir og svæðisstjórnir Slysavarnafélagsins Landsbjargar skipuleggja starf sitt sem hjálparlið í samvinnu við lögreglustjóra og aðgerðastjórn og er verkefnum skipt í verkþætti samkvæmt verkþáttaskipuriti SÁBF.

Deildir í umdæmi lögreglustjóra koma sér saman um að tilnefna einn aðalmann og einn varamann í aðgerðastjórn, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Svæðisstjórnir vinna samkvæmt reglum um aðgerðastjórnir Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Verkefni sem Slysavarnafélagið Landsbjörg sinnir eru leit og björgun, sjúkra- og fjöldahjálp á vettvangi, gæslustörf, flutningar og önnur verkefni, samkvæmt viðbragðáætlunum og hættumati sem í gildi er. Hlutverk svæðisstjórna er fyrst og fremst boðun björgunarsveita, samhæfing á þeirra starfi og að vera tengiliður björgunarsveita við aðgerðastjórn almannavarna. Svæðisstjórnir geta einnig samið við lögreglustjóra eða almannavarnanefnd um að taka að sér önnur verkefni

Svæðisstjórnir björgunarsveita **innan** áfallasvæðisins annast verkefni samkvæmt héraðssamningi.

Svæðisstjórnir björgunarsveita **utan** áfallasvæðis annast eftirtalin verkefni í umboði ríkislögreglustjóra og Landsstjórnar björgunarsveita:

- Boða og virkja björgunarsveitir og deildir Slysavarnafélagsins sem flytja þarf á milli umdæma, samkvæmt beiðni hverju sinni.
- Setja upp og annast tæknilega stjórn á ytri biðsvæðum björgunarsveita, sé þess óskað. Biðsvæði sem eru sett upp á flutningsleiðum hjálparliðs eru á ábyrgð ríkislögreglustjóra í samvinnu við viðkomandi lögreglustjóra eða aðgerðastjórn almannavarnanefnda.
- Önnur aðstoð samkvæmt beiðni hverju sinni.
- Hjálparlið er undir stjórn Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna á leið sinni frá bækistöð og að viðkomandi lögregluumdæmi.
- Ríkislögreglustjóri getur á hættu- og neyðartímum leitað til Slysavarnafélagsins Landsbjargar um aðstoð við uppsetningu mötuneytis og hvíldaraðstöðu fyrir hjálparlið.
- Ríkislögreglustjóri getur óskað þess að Slysavarnafélagið Landsbjörg leggi til starfsmenn í tímabundna þjónustumiðstöð almannavarna samkvæmt beiðni hverju sinni. Aðilar samkomulagsins semja sérstaklega um greiðslur hverju sinni.

6. Stjórnun og boðun í lögregluumdæmum

Almannavarnanefndir móta stefnu, framkvæma hættumat og gera viðbragðsáætlanir í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Lögreglustjóri fer með stjórn almannavarna í sínu umdæmi þegar almannavarnaástand ríkir, sbr. 11. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða kross Íslands, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni. Aðgerðastjórn stýrir aðgerðum á hættu- og neyðartímum og lítur hún stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Lögreglustjóri tilnefnir vettvangsstjóra sem fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Boðun og virkjun svæðisstjórna björgunarsveita:

- Hvenær sem aðstæður benda til þess að skipulag almannavarna verði sett á hættu- eða neyðarstig, og líkur eru á að kalla þurfi björgunarsveitir til aðstoðar, skal svæðisstjórn björgunarsveita eða fulltrúi hennar á staðnum upplýstur um ástand og horfur.
- Boð um hættu- eða neyðarstig berast til svæðisstjórnar björgunarsveita frá lögreglustjóra eða aðgerðastjórn. Slík boð geta einnig komið frá Landsstjórn björgunarsveita.
- Svæðisstjórn björgunarsveita skal á hverjum tíma upplýsa lögreglu og aðgerðastjórn um bakvaktafyrirkomulag og boðleiðir svæðisstjórnarmanna.

Samskipti aðgerðastjórna við svæðisstjórnir björgunarsveita:

- Verkefnum er varða hlutverk sveita, deilda og svæðisstjórna, sbr. 5. kafla samnings þessa er sinnt frá aðgerðastjórnstöð og/eða bækistöð svæðisstjórnar.
- Fyllsta trúnaðar, samkvæmt siðareglum Slysavarnafélagsins Landsbjargar skal gætt varðandi þær upplýsingar sem gefnar eru um hugsanlega hættu, umfang atburða og framgang á hættu- og neyðartímum.

Svæðisstjórnir skulu upplýsa Landsstjórn björgunarsveita um virkjun svæðisstjórnar.

7. Þjálfun

Ríkislögreglustjóri annast þjálfun og fræðslu um skipulag almannavarna og framkvæmd. Má nefna námskeið í vettvangsstjórn, aðgerðastjórn og þjálfun fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar í áhöfn Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna.

Björgunarskóli Slysavarnafélagsins Landsbjargar annast þjálfun á björgunarsveitum og slysavarnadeildum þannig að þær geti sem best sinnt sínum verkefnum samkvæmt þessu samkomulagi. Björgunarskólinn gefur út námsskrá og þess er gætt að kennsla fari fram samkvæmt viðurkenndum aðferðum hverju sinni.

Um framkvæmd og skiptingu kostnaðar vegna þjálfunar á sviði almannavarna fer samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

8. Sérhæfðir hópar

Slysavarnafélagið Landsbjörg heldur skrá um þær björgunarsveitir eða slysavarnadeildir sem hafa innan sinna vébanda sérþjálfaða hópa eða menn til afmarkaðra verkefna á sviði almannavarna og upplýsir ríkislögreglustjóra um eftirfarandi sé þess óskað:

- Tegund hóps og sérhæfni.
- Staðsetningu hóps og boðunarform.
- Stærð hóps og styrk í búnaði og tækjum.
- Þjálfunarstig manna sem hópinn skipa og þjálfunarkerfi sem farið er eftir.

Ríkislögreglustjóri getur á grundvelli upplýsinga frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörg gefið einstökum mönnum, hópum eða sveitum viðurkenningu á grundvelli sérhæfni og þekkingar, og valið til forystu um úrlausn verkefna á viðkomandi sérsviði vegna aðgerða á hættu- og neyðartímum.

9. Búnaður

Slysavarnafélagið Landsbjörg og aðildareiningar þess leggja fram þann búnað sem er í eigu þeirra og nýtist til björgunar- og hjálparstarfa.

10. Almenn ákvæði

Samkomulagið skal tekið til endurskoðunar að fimm árum liðnum frá undirritun, en er að öðru leyti uppsegjanlegt af hvorum samkomulagsaðila með sex mánaða fyrirvara. Einnig er skylt að taka samkomulagið eða einstakar greinar þess til endurskoðunar innan þriggja mánaða frá þeim tíma sem skrifleg ósk berst um slíkt.

Samkomulagið tekur þegar gildi.

Reykjavík, 7. mars 2012

Hr. Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri

Hr. Hörður Már Harðarson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar